

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um fjármagnstekjur einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu margir skattskyldir einstaklingar höfðu árið 2016 eftirfarandi fjármagnstekjur:
 - a. engar,
 - b. 1.000–500.000 kr.,
 - c. 500.001–1.000.000 kr.,
 - d. 1.000.001–2.000.000 kr.,
 - e. 2.000.001–5.000.000 kr.,
 - f. 5.000.001–10.000.000 kr.,
 - g. 10.000.001–20.000.000 kr.,
 - h. 20.000.001–50.000.000 kr.,
 - i. yfir 50.000.000 kr.?

Óskað er að fram komi samanlagt fyrir einstaklingana í hverju tekjubili fjármagnstekjur þeirra, greiddur tekjuskattur af fjármagnstekjum, launatekjur, greiddur tekjuskattur af launatekjum og hrein eign.
2. Hversu mikið hefði greiddur fjármagnstekjuskattur í hverju tekjubili aukist ef tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga hefði verið:
 - a. 25% af fjármagnstekjum umfram 2.000.000 kr. á tekjuári,
 - b. 30% af fjármagnstekjum umfram 4.000.000 kr. á tekjuári?

Svar við fyrirspurninni er byggt á álagningu opinberra gjalda fyrir gjaldárið 2016 og tekið er mið af tekjum einstaklinga árið 2015 og eignastöðu þeirra 31. desember 2015. Álagningar-skra ríkisskattstjóra er sívinnsluskra sem tekur breytingum nánast daglega vegna kæra og endurákvæðana en umrædd gögn miðast við álagningarskra sem barst ráðuneytinu í júní 2016. Álagning opinberra gjalda fyrir gjaldárið 2017 berst ráðuneytinu ekki fyrir en í júní næstkomandi og er því ekki unnt að byggja svarið á tekjum einstaklinga fyrir tekjuárið 2016.

Skattar ríflega tuttugu þúsund framteljenda eru handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra, en upplýsingar um tekjuskattsstofn hjá þessum framteljendum eru ekki tiltækar í álagningarkerfi embættisins. Svar við fyrirspurninni byggist á upplýsingum um alla framteljendur og er tekjuskattsstofn, auk tekju- og fjármagnstekjuskatts, því reiknaður af ráðuneytinu út frá fyrirliggjandi gögnum um laun, bætur, lífeyri, styrki, hlunnindi og aðrar skattskyldar greiðslur, að teknu tilliti til frádráttar. Gögn til útreiknings hreinnar eignar, fyrir handreiknaða framteljendur í álagningarskránni, liggja ekki fyrir og byggist svarið því á hreinni eign að þeim hópi frátöldum.

1. Fjármagnstekjuskattur er skattur sem lagður er á eignatekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar, þ.e. vaxtatekjur, arð, söluhagnað og leigutekjur. Ef einstaklingur hefur með höndum atvinnurekstur greiðir hann ekki sérstakan fjármagnstekjuskatt vegna fjármagnstekna sem

tilheyra atvinnurekstrinum, heldur eru þær skattlagðar eftir sömu reglum og gilda um aðrar tekjur í rekstrinum. Á fjármagnstekjur er ekki lagt útsvar og þær hafa engin áhrif á þrepa-skiptingu tekjuskatts. Hins vegar teljast þær með öðrum tekjum til stofns við útreikning vaxtabóta og barnabóta. Fjármagnstekjuskattur hefur verið 20% frá 1. janúar 2011.

Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af heildarvaxtatekjum að fjárhæð 125.000 kr. á ári hjá hverjum manni, þótt dregin hafi verið staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum. Þá var frá og með 1. janúar 2016 ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af 50% af tekjum af útleigu íbúðarhúsnæðis til búsetu leigjanda. Þessi regla gildir í fyrsta skipti við álagningu árið 2017 en við álagningu árið 2016 var frítekjumarkið 30%.

Fjármagnstekjur eru taldar fram hjá því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga. Heildarfjármagnstekjur fjölskyldna samkvæmt álagningarskránni 2016 voru 104.350 millj. kr. og fjármagnstekjuskattur 18.781 millj. kr. Tekjuskattsstofn þeirra var samtals 1.189.932 millj. kr. og hækkar stofninn að meðaltali samhlíða hærri fjármagnstekjum. Hrein eign samkvæmt álagningarskránni var samtals 2.815.398 millj. kr. og hækkar einnig að meðaltali samhlíða auknum fjármagnstekjum.

Alls höfðu 11.623 fjölskyldur, eða 5,5%, alls engar fjármagnstekjur árið 2015 og var tekjuskattsstofn þeirra samtals 38.616 millj. kr. Flestar fjölskyldur, 151.088, eða 72% af heild, voru með fjármagnstekjur á bilinu 1.000–500.000 kr. eins og sjá má í töflu 1. Heildarfjármagnstekjur þessa hóps voru 8.027 millj. kr. sem er um 7,7% allra fjármagnstekna. Þá var tekjuskattsstofn þeirra samtals 885.472 millj. kr., eða 74% af heild, og hrein eign 1.449.438 millj. kr. Eftir því sem fjármagnstekjur hækka fækkar í hverjum hópi og er einungis 0,8% fjölskyldna, eða 1.717, með fjármagnstekjur yfir 10 millj. kr. Heildarfjármagnstekjur þeirra námu 60.866 millj. kr. sem er rúmlega 58% af heildarfjárhæð fjármagnstekna. Tekjuskattsstofninn var samtals 22.358 millj. kr. og hrein eign 325.674 millj. kr.

Tafla 1. Fjármagnstekjur, fjármagnstekjuskattur, tekjuskattsstofn, tekjuskattur og hrein eign fjölskyldna eftir fjármagnstekjubilum árið 2015 (fjárhæðir í millj. kr.).

Fjármagnstekjur - tekjubil	Fjöldi fjölskyldna	Fjármagnstekjur	Fjármagnstekjuskattur	Tekjuskattsstofn	Tekjuskattur	Hrein eign
0	11.623	0	0	38.616	4.699	62.314
1-999 kr.	27.685	11	0	80.655	5.524	2.303
1.000-500.000	151.088	8.027	545	885.472	105.660	1.449.438
500.001-1.000.000	6.499	4.624	725	54.903	7.802	274.427
1.000.001-2.000.000	5.898	8.392	1.348	51.283	7.666	277.988
2.000.001-5.000.000	3.958	11.918	2.087	39.020	6.231	279.182
5.000.001-10.000.000	1.531	10.512	2.005	17.443	2.995	144.072
10.000.001-20.000.000	897	12.323	2.411	11.586	2.135	116.064
20.000.001-50.000.000	551	16.357	3.245	7.271	1.358	100.779
> 50.000.000	269	32.186	6.417	3.681	738	108.831
Samtals	209.999	104.350	18.781	1.189.932	144.808	2.815.398

2.a. Greiddur fjármagnstekjuskattur fjölskyldna hefði verið samtals 22.736 millj. kr. ef skattur á fjármagnstekjur umfram 2 millj. kr. hefði verið 25% við álagningu opinberra gjalda 2016. Er það aukning um 3.955 millj. kr. en mest hefði fjármagnstekjuskatturinn aukist hjá þeim sem höfðu mestar fjármagnstekjur, eins og sjá má í töflu 2. Í þessu mati er ekki reiknað með því að fjármagnseigendur bregðist við hærri skatti með ráðstöfunum sem kynnu að draga úr skattgreiðslum. Hið sama gildir um dæmi 2.b.

Tafla 2. Greiddur fjármagnstekjuskattur fjölskyldna, m.v. álagningu 2016, ef fjármagnstekjuskattur af fjármagnstekjum umfram 2 millj. kr. hefði verið 25% (fjárhæðir í millj. kr.).

Fjármagnstekjur - tekjubil	Fjöldi fjölskyldna	Fjármagnstekjur	Fjármagnstekjuskattur	Viðbót dæmi 2.a.	Heild dæmi 2.a.
0	11.623	0	0	0	0
1-999 kr.	27.685	11	0	0	0
1.000-500.000	151088	8.027	545	0	545
500.001-1.000.000	6.499	4.624	725	0	725
1.000.001-2.000.000	5.898	8.392	1.348	0	1.348
2.000.001-5.000.000	3.958	11.918	2.087	435	2.522
5.000.001-10.000.000	1.531	10.512	2.005	501	2.506
10.000.001-20.000.000	897	12.323	2.411	603	3.013
20.000.001-50.000.000	551	16.357	3.245	811	4.056
> 50.000.000	269	32.186	6.417	1.604	8.021
Samtals	209.999	104.350	18.781	3.955	22.736

2.b. Greiddur fjármagnstekjuskattur fjölskyldna hefði aukist um 7.191 millj. kr. ef fjármagnstekjuskattur af fjármagnstekjum umfram 4 millj. kr. hefði verið 30% við álagningu opinberra gjalda 2016. Samtals væri fjármagnstekjuskatturinn 25.972 millj. kr. og hefði líkt og í a-lið aukist meira samhliða hærri fjármagnstekjum.

Tafla 3. Greiddur fjármagnstekjuskattur fjölskyldna, m.v. álagningu 2016, ef fjármagnstekjuskattur af fjármagnstekjum umfram 4 millj. kr. hefði verið 30% (fjárhæðir í millj. kr.).

Fjármagnstekjur - tekjubil	Fjöldi fjölskyldna	Fjármagnstekjur	Fjármagnstekjuskattur	Viðbót dæmi 2.b.	Heild dæmi 2.b.
0	11.623	0	0	0	0
1-999 kr.	27.685	11	0	0	0
1.000-500.000	151088	8.027	545	0	545
500.001-1.000.000	6.499	4.624	725	0	725
1.000.001-2.000.000	5.898	8.392	1.348	0	1.348
2.000.001-5.000.000	3.958	11.918	2.087	169	2.256
5.000.001-10.000.000	1.531	10.512	2.005	986	2.991
10.000.001-20.000.000	897	12.323	2.411	1.205	3.616
20.000.001-50.000.000	551	16.357	3.245	1.622	4.867
> 50.000.000	269	32.186	6.417	3.208	9.625
Samtals	209.999	104.350	18.781	7.191	25.972